

Fundur Fjölmenningsráðs Hafnarfjarðar, 31.05.22 31.05.22 kl 17.00-18.00

Mætt: Anna Karen, Sylwia, Aleksandra og Karólína Helga

Einnig sat Ólafía starfsmaður ráðsins fundinn

Karólína Helga ritar fundinn

Dagskrá

Síðasti fundur núverandi Fjölmenningsráðs

Ráðið ræddi aðeins um viðburðinn sem þau héldu á bókasafninu, tengdu kosningum. Vilja endilega að svona skilgreindur viðburður verði áfram til þess að ýta undir og upplýsa bæjarbúa af erlendum uppruna um lýðræðislegan rétt þeirra. Við mælum eindregið með að þetta verði áfram og bærinn taki þátt. Mögulega væri hægt að gera þetta verkefni í samstarfi við Ráðgjafaráð fatlaðra og Ungmennaráð Hafnarfjarðar.

Fulltrúar ráðsins veltu fyrir sér hverjir verða valdir í ráðið á komandi kjörtímabili. Fulltrúi starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar Aleksandra og fulltrúi Móðurmál Sylwia, Fulltrúi W.O.M.E.N Laura vilja gefa kost á sér áfram fyrir næsta kjörtímabil. Samtökin tilnefna sína fulltrúa.

Óskað er eftir því að Ólafía kynni fyrir nýjum fulltrúum Fjölmenningsráðs verkefnin sem heftur verið unnið að og lagt fyrir bæði fræðsluráð og fjölskylduráð á síðasta kjörtímabili.

Fundi slitið kl 18:00